



Fundur haldinn 28. ágúst 2002 kl. 13.30 í forsætisráðuneytinu. Mættir voru Ólafur Davíðsson, Steingrímur Ari Arason, Jón Sveinsson og Skarphéðinn Berg Steinarsson.

*1. Landsbanki Íslands hf.*

Benedikt Árnason og Þorgeir Örlygsson mættu á fundinn.

Til fundarins voru boðaðir hver á eftir öðrum fulltrúar þeirra þriggja aðila sem nefndin á í viðræðum við um kaup á hlutabréfum í Landsbanka Íslands.

*A. Eignarhaldsfélagið Andvaka, Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar, Fiskiðjan Skagfirðingur hf., Kaupfélag Skagfirðinga svf., Samskip hf. og Samvinnulífeyrissjóðurinn.*

Á fundinn mættu Ólafur Ólafsson, Óskar Gunnarsson og Kristinn Hallgrímsson.

Kynning í liðinni viku á starfsemi Landsbankans tókst vel. Telja sig hafa fengið þær upplýsingar sem þeir þurfa fram að því að þeir fá stöðu innherja.

Dreift minnisblaði nefndarinnar dags. í dag til fundargesta. ÓD fór yfir efni þess.

Upplýst um að tveir erlendir bankar hefðu sýnt áhuga á að koma að málinu sem ráðgjafar eða fjárfestar. Spurt hvort það breyti stöðu hópsins ef breytingar verða á skipan hópsins með þeim hætti. ÓD sagði svo ekki vera. Frekar væri gefinn plús fyrir erlenda peninga, eins og það var orðað.

*B. Kaldbakur hf.*

Á fundinn mættu Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Eiríkur S. Jóhannsson, Tryggvi Haraldsson og Kari Arnór Karason.

Fulltrúar Kaldbaks lýstu ánægju með kynningarfund Landsbankans í liðinni viku.

Fram kom hjá Eiríki sú athugasemd að breyting sem verða kann á eignarhaldi á VÍS þarf ekki að þýða breytingu á áhuga þeirra á kaupum hlutabréfa í Landsbankanum. Þetta sagði hann í framhaldi ummæla á síðasta fundi aðila.

Dreift minnisblaði nefndarinnar dags. í dag til fundargesta. ÓD fór yfir efni þess.

*C. Björgólfur Thor Björgólfsson, Magnús Þorsteinsson og Björgólfur Guðmundsson.*

Á fundinn mættu Björgólfur Thor Björgólfsson, Andri Sveinsson og Þór Kristjánsson.

Rætt um kynningarfund þeirra með Landsbankanum í síðustu viku. Tókst vel.

Dreift minnisblaði nefndarinnar dags. í dag til fundargesta. ÓD fór yfir efni þess.

Rætt um tímasetningar. ÓD upplýsti að stefnt væri að því að viðræður við einn aðilanna þriggja hefjist í lok næstu viku.

Björgólfur vildi áreitta að framtíðarsýn kaupenda kynni að breytast eftir því sem liði á söluferilinn.

SBS 4. september 2002